

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni um umfang netverslunar.

1. *Hversu umfangsmikil var netverslun Íslendinga á síðasta ári hérlendis og erlendis í fjárhæðum talið?*

a. Netverslun erlendis.

Rafrænar vörur. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra nam skattskyld velta erlendra aðila,¹ sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá skv. 35. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,² vegna sölu á rafrænum vörum og þjónustu samtals 457.372.085 kr. á árinu 2013.

<i>Velta (krónur)</i>	25,5%	7%	Samtals
Erlend netverslun með rafrænar vörur	422.633.687	34.738.398	457.372.085

Áþreifanlegar vörur. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um innflutning vegna netverslunar sérstaklega hjá embætti tollstjóra.³ Innflutningur einstaklinga gegnum póstverslun er þó að langstærstum hluta vörur sem keyptar eru í netverslun. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam verðmæti innflutnings einstaklinga⁴ á vörum gegnum póstverslun⁵ 2.552.774.419 kr. við komu til landsins á árinu 2013. Langstærstur hluti þessara vara var sem fyrr segir vegna netverslunar en einhver hluti innflutningsins er þó vegna annars konar verslunar, svo sem sendingar frá vinum eða ættingjum erlendis sem ekki falla undir skilgreiningu á gjafasendingum og eru því tollskyldur varningur.

b. Netverslun hérlendis.

Samanlögð velta innlendra aðila vegna smásölu póstverslana eða um netið nam 1.438.317.210 kr. á árinu 2013 samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra.⁶

<i>Velta (krónur)</i>	25,5%	7%	Undanþegin	Samtals
Innlend netverslun	1.171.746.392	150.844.229	115.726.589	1.438.317.210

Hér er ekki unnt að aðgreina hvort kaupandi hafi lagt inn pöntun með pósti, í gegnum síma eða um netið. Fjöldi pantana með tveimur fyrri aðferðunum er þó líklega hverfandi.

¹ Erlendir aðilar sem selja rafrænt afhenta þjónustu til Íslands.

² Ríkisskattstjóri býr einungis yfir upplýsingum um skil vegna sölu á vörum og þjónustu sem seld er með rafrænum hætti hjá þeim erlendu aðilum sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá.

³ Tölvukerfi tollsins aðgreinir ekki vörur sem keyptar eru á vefnum og fluttar til landsins frá öðrum sendingum til landsins.

⁴ Allur vöruinnflutningur á einstaklingskennitölur. Innan þessa hóps gætu verið einstaklingar með fyrirtæki á sinni kennitölu.

⁵ Póstafgreitt og annað afgreitt í tollkerfi, svo sem DHL.

⁶ Ríkisskattstjóri hefur upplýsingar um umfang innlendra netverslunar með bæði rafrænar vörur og áþreifanlegar vörur.

2. Hverjar voru skatttekjur af þessari verslun?

a. Netverslun erlendis.

Rafrænar vörur. Á árinu 2013 nam álagning á netverslun hjá aðilum sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá skv. 35. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 109.974.876 kr.

	Útskattur 25,5%	Útskattur 7%	Innskattur	Álagning
Erlend netverslun með rafrænar vörur	107.771.595	2.431.684	228.403	109.974.876

Ápreifanlegar vörur. Einungis fengust upplýsingar um skatttekjur af póstverslun frá tollmiðlun Íslandspósts hf. Verðmæti sendinganna nam 1.158.953.648 kr. á árinu 2013 og námu heildargjöld vegna þeirra 398.371.082 kr.

b. Netverslun hérlendis.

Álagning á innlenda netverslun nam 14.850.464 kr. á árinu 2013.

	Skattskyld velta	Útskattur	Innskattur	Álagning
Innlend netverslun	1.322.590.621	309.354.426	294.503.962	14.850.464

3. Er netverslun inni í vísitölu neysluverðs?

Vægi útgjaldaliða í vísitölu neysluverðs byggist á rannsókn á útgjöldum heimila. Samkvæmt leiðbeiningum Eurostat skal taka útgjöld til netverslana með í útgjaldarannsókninni. Í leiðbeiningunum segir að kaup á vörum á netinu skuli mælast í vísitölu heimalands þess sem pantar vöruna en kaup á þjónustu á netinu, svo sem tónleikamiðar og þess háttar, skuli mælast í vísitölu þess lands þar sem þjónustunnar er neytt. Netverslun er því inni í vísitölu neysluverðs.

Viðauki.

Eftirfarandi er umfjöllun um innflutning einstaklinga á árinu 2013 sem **ekki** fór fram með póstverslun, en leiða má að því líkur að stór hluti þessa innflutnings hafi verið vegna netverslunar. Samkvæmt upplýsingum frá embætti tollstjóra námu skatttekjur af öllum vöruinnflutningi á einstaklingskennitölur 855.393.140 kr. á árinu 2013.⁷

	VSK 25,5%	VSK 7%	Tollar	Vörugjöld	Samtals
Vöruinnflutningur einstaklinga	630.701.998	16.406.478	103.148.043	105.136.621	855.393.140

Skatttekjur af vöruinnflutningi á einstaklingskennitölur sem **ekki bera vsk-númer** námu 144.824.541 kr. á árinu 2013.

	VSK 25,5%	VSK 7%	Tollar	Vörugjöld	Samtals
Vöruinnflutningur einstaklinga	77.117.022	9.571	1.615.786	66.082.162	144.824.541

Ekki er hægt að afmarka með nákvæmari hætti hversu stór hluti af heildarinnflutningi á einstaklingskennitölur er vegna netverslunar. Þær tölur sem hér koma fram ættu þó að gefa ágæta vísbendingu um heildarmyndina.

⁷ Tollar og gjöld innfluttra vara á einstaklingskennitölum sem tollafgreiddar voru árið 2013.